

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 2. mars 1992

um kort sem á að gefa út í tengslum við Animo netkerfið

(92/176/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/628/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 3. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin samþykkti 19. júlí 1991 ákvörðun 91/398/EBE um tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda (Animo) <sup>(3)</sup> og 21. febrúar 1992 ákvörðun 92/175/EBE um að gera skrá og auðkenna einingar í tölvuvædda netkerfinu Animo <sup>(4)</sup>.

Til að tryggja snurðulausa starfsemi netkerfisins skal gera kort sem sýna staðareiningar, svæðin sem þær ná yfir og skoðunarstöðvar á landamærum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Hvert aðildarríki sendir framkvæmdastjórninni fyrir 1. maí 1992 eitt eða fleiri kort af stærðinni A4 eða A3, með mælikvarða, yfir staðareiningar með tilliti til viðkomandi móðureiningar, svo að unnt sé að gera sér grein fyrir landfræðilegri legu staðareininganna.

2. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem aðildarríkin senda í samræmi við 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin senda aðildarríkjunum, fyrir 1. júlí 1992, kortamöppu með þeim kortum sem henni hafa borist.

2. gr.

1. Til að komast hjá hugsanlegum erfiðleikum sendir hvert aðildarríki framkvæmdastjórninni fyrir 1. júlí 1992 kort af stærðinni A4 eða A3, með mælikvarða, yfir hverja staðareiningu ásamt kenninúmeri hennar.

2. Framkvæmdastjórnin skal safna öllum kortum, sem henni hafa borist í samræmi við 1. mgr., saman í möppu. Stjórnvöld aðildarríkjanna skulu hafa aðgang að þessari möppu.

3. gr.

1. Hvert aðildarríki sendir framkvæmdastjórninni fyrir 1. maí 1992 eitt kort af stærðinni A4 eða A3, með mælikvarða, svo að unnt sé að gera sér grein fyrir landfræðilegri legu skoðunarstöðva á landamærum.

2. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem aðildarríkin senda í samræmi við 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin senda aðildarríkjunum, fyrir 1. júlí 1992, möppu með öllum þeim kortum sem henni hafa borist.

4. gr.

Með vissu millibili uppfærir framkvæmdastjórnin möppuna sem um getur í 1. (2. mgr.), 2. (2. mgr.) og 3. (2. mgr.) gr., einkum með tilliti til upplýsinga sem aðildarríkin senda um breytingar sem eru gerðar á umráðasvæði staðareininga og uppfærslna á skránni yfir einingarnar.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. mars 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 340, 11. 12. 1991, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 221, 9. 8. 1991, bls. 30.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 80, 25. 3. 1992, bls. 1.